


Alþingi
Allsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 31. janúar 2011
Tilvísun: 2010121191BS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis frá 16. desember 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir (348. mál á 139. löggjafarþingi, þskj. 426). Í umræddu frumvarpi er lagt til að forseti Alþingis geti, í samræmi við ályktun þingsins, skipað rannsóknarnefndir til að rannsaka einstök mál. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þarf að vera um að ræða mikilvæg mál sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds til að rannsóknarnefnd samkvæmt frumvarpinu verði skipuð. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu segir að með þessu séu sett ákveðin mörk við því hvenær skipa má rannsóknarnefnd. Slíkt skuli aðeins gert þegar einsýnt er að ekki sé unnt að notast við hefðbundin rannsóknarráðgjafi. Fram kemur í upphafi III. kafla almennra athugasemda að nánara mat á því sé í höndum Alþingis, en vandasamt sé að afmarka hvenær slík rannsókn, sem hér um ræðir, megi fara fram.

Í frumvarpinu er að finna ýmis ákvæði sem fela í sér íhlutun í friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga. Í 6. gr. er ákvæði um skyldu til að afhenda rannsóknarnefnd þau gögn sem hún fer fram á og gefa skýrslu fyrir nefndinni. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. á aðili, sem er til rannsóknar, rétt til aðgangs að gögnum máls, enda skaði aðgangurinn ekki rannsóknarhagsmunum eða hagsmunum þriðja manns.

Í 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þagnarskyldu nefndarmanna og annarra sem vinna að rannsókn, en jafnframt segir í niðurlagi greinarinnar að nefndin geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skuli þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál

þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að gögn, sem aflað hefur verið við rannsókn, skuli að rannsókn lokinni færð Þjóðskjalasafni Íslands. Um aðgang að þeim fari samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga og laga um Þjóðskjalasafn.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins segir að ákvæði upplýsingalaga og 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gildi ekki um störf nefndarinnar. Í 9. gr. upplýsingalaga er mælt fyrir um rétt manna til að fá aðgang að gögnum hjá stjórnvöldum sem varða þá sjálfa. Þá er í framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000 mælt fyrir um rétt einstaklinga til að æskja vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sjálfa sig, sem og um skyldu til að veita þeim tiltekna fræðslu þegar upplýsinga um þá er aflað, hvort sem er frá þeim sjálfum eða þriðja aðila. Í athugasemdum við 11. gr. í greinargerð með frumvarpinu segir að umrædd réttindi geti orðið til að draga rannsóknir á langinn og hugsanlega skaða rannsóknarhagsmuni.

Í 2. mgr. 11. gr. segir að þrátt fyrir framangreint ákvæði 1. mgr. sömu greinar skuli þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttar samkvæmt þeim ákvæðum, sem þar eru tilgreind, að rannsókn lokinni, enda hafi ákærvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál.

2.


Samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar getur Alþingi skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þá segir að Alþingi geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Umrætt frumvarp lýtur ekki að nefndum alþingismanna heldur utanaðkomandi sérfræðinga. Engu að síður er efni frumvarpsins nátengt umræddu stjórnarskrárákvæði.

Persónuvernd gerir, m.a. í þessu ljósi, ekki athugasemdir við efni umrædds frumvarps þegar undan eru skilin eftirfalin tvö atriði:

1. Eins og fyrr greinir gerir 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að réttur þess sem er til rannsóknar til aðgangs að gögnum máls gildi ekki ef aðgangurinn skaðar hagsmuni þriðja aðila, en í slíkum gögnum geta m.a. verið persónuupplýsingar um einstakling sem rannsókn beinist að. Í þessu felst að hagsmunir þess sem er til rannsóknar af aðgangi eiga ávallt að víkja ef hagsmunir þriðja aðila skadast af því að veita aðganginn. Ekki er að finna neina takmörkun með vísan til þess hversu veigamiklir hagsmunirnir séu og má því skilja ákvæðið svo að jafnvel mjög smávægilegir hagsmunir geti réttlætt synjun um aðgang. Persónuvernd telur eðlilegt að þessari nálgun verði breytt þannig að ákvæðið geri ráð fyrir hagsmunamati. Í því felist nánar tiltekið að sá sem er til rannsóknar geti fengið aðgang ef hagsmunir hans séu veigameiri en hagsmunir af synjun um aðgang, sbr. til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. 9. gr. upplýsingalaga sem hljóðar svo: „Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.“
2. Eins og fyrr greinir er í 11. gr. að finna ákvæði þess efnis að ákvæði upplýsingalaga og 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 gildi ekki um störf rannsóknarnefnda, en þessi ákvæði lúta að rétti aðila til aðgangs að gögnum um sig og rétti einstaklinga til vitneskju og fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga. Tekið er fram í 2. mgr. 11. gr. að takmörkunin falli niður gagnvart þeim sem rannsókn lýtur að þegar henni lýkur, eins og áður segir. Til þess er að líta að gera má ráð fyrir að í gögnum rannsóknarnefnda geti verið upplýsingar um fleiri aðila, þ. á m.

einstaklinga, en þá sem eru til rannsóknar. Ekki verður séð að rök standi til þess að þeir öðlist ekki rétt samkvæmt umræddum ákvæðum að rannsókn lokinni. Er því lagt til að orðalagi umrædds ákvæðis verði breytt þannig að ljóst verði að réttur samkvæmt ákvæðinu verði þá virkur gagnvart öllum þeim sem upplýsingar lúta að.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson', written in a cursive style.

Þórður Sveinsson